

Borgarbyggð
Drífa Gústafsdóttir
Borgarbraut 14
300 Borgarnes

Reykjavík, 11. október 2021
UST202109-311/A.B.
10.05.03

Efni: Umsögn um framkvæmdaleyfi - Strandstígur í Borgarnesi

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Borgarbyggðar er barst 30. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um framkvæmdaleyfi vegna strandstígs meðfram Borgarvogi sem liggja mun frá Kveldúlfsgötu út á Dílatanga í Borgarnesi. Umhverfisstofnun bendir á að Borgarvogur er svæði nr. 239 á náttúruminjaskrá og einnig njóta leirurnar í voginum verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga. Umhverfisstofnun vill auk þess benda á að bakkagróður í voginum nýtur verndar samkvæmt 62. gr. náttúruverndarlaga.

Í erindinu kemur fram að fyrirhugað er að leggja göngustíga frá Kveldúlfsgötu 17 út á Dílatanga, en markmiðið með verkefninu er að bæta aðgengi að Borgarvoginum sem er á náttúruminjaskrá og gera heildstætt stígakerfi sem mætir þörfum íbúa og gesta til framtíðar.

Kveldúlfsgata 17 -25

Í erindinu kemur fram: „*Lengd stígsins bak við Kveldúlfsgötu 17- 25 er um 135 m. Hreinsa þarf burt jarðveg og illgresi og leggja undirlag sem er gróft malarlag, um 3 m á breidd. Það er sléttað og þjappað með fínna lagi af mól. Ofan mólina eru lagðar plastgrindur frá Ecoraster sem eru framleiddar úr endurunnu plasti og eru endurvinnanlegar. Plastgrindurnar eru 1,2 m að breidd, og ofan á þær er lagður sandur sem festir þær. Strandmegin er sett grjótvörn sem er um 80 cm há.*“

Þar sem að stígur og grjótvörn eru þegar til staðar þá er það mat Umhverfisstofnunar að umhverfisáhrif framkvæmdarinnar á bak við Kveldúlfsgötu 17 – 25 séu óveruleg.

Dílatangi

Í erindinu kemur fram: „*Frá Kveldúlfsgötu 25 og út á tangann eru um 57 m. Þar er stígurinn lagður ofan á klappirnar og látinn fylgja sveigjum í landinu. Að öðru leyti er útfærslan sú sama. Grjótvörn er 70 - 80 cm há en getur þurft að vera allt að 120 cm á einstaka stað til að tryggja að halli stígsins samræmist kröfum um aðgengi fyrir alla. Undirlag stígsins er um 3 m breitt. Það er sléttað og þjappað með fínna lagi af mól og ofan á það eru lagðar 1,2 m breiðar plastgrindur og sandur.*“

Auk þess kemur fram að grjótvörn er nauðsynleg til að verja stíginn og vegfarendur og dregur úr ágangi sjávar á lóðir íbúa.

Umhverfisstofnun bendir á að þar sem framkvæmdin gerir ráð fyrir raski á óröskuðu landi er mikilvægt að rask á svæðinu verði í lágmarki, frágangur sé góður og við framkvæmdir verði gróðurtorfur lagðar til hliðar þegar það á við og þeim komið fyrir á yfirborði í lok frágangs til að draga úr neikvæðum áhrifum á gróður. Stofnunin bendir á að greinargóðar leiðbeiningar um frágang raskaðra svæða má finna inni á vefsíðunni www.namur.is.

Ef um uppgræðslu er að ræða telur stofnunin að nota eigi staðargróður eins og kostur er, t.a.m. með því að geyma svarðlag til að leggja aftur yfir. Stofnunin telur slík vinnubrögð við frágang svæða sérstaklega mikilvæg þegar um er að ræða vistgerðir með hátt verndargildi. Að mati Umhverfisstofnunar getur stígurinn og grjótvörnin haft neikvæð áhrif á ásýnd klapparsvæðisins og því mikilvægt að mati stofnunarinnar að stígurinn og grjótvörnin falli eins vel að landi og kostur er.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að í 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að við hönnun mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands. Við mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu leyfisumsókna vegna slíkra framkvæmda skal taka afstöðu til þessa atriðis.

Auk þess bendir stofnunin á mikilvægi þess að öryggi gesta og íbúa sé tryggt á framkvæmdartíma og að merkja þurfi framkvæmdarstað og hjáleiðir.

Umhverfisstofnun telur að áhrif vegna framkvæmdarinnar séu þ.a.l. óveruleg. Hins vegar er göngustígur til þess fallinn að bæta stýringu svæðisins og þar með vernd náttúru og lífríki þess, auk þess að bæta aðgengi og upplifun gesta.

Fuglalíf

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að framkvæmdin sé ekki unnin á þeim tíma sem farfuglar eru á ferð og þegar varp er í gangi, en Umhverfisstofnun bendir á að viðkvæmasti tíminn er eftir miðjan apríl til loka september.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur